

Kópavogi, 13. september 2019.

Ágæti skólustjóri.

Menntamálastofnun vill vekja athygli á eftirfarandi atriðum vegna samræmdra könnunarprófa í næstu viku.

Prófkóðar tilbúnir í Skólagátt

Prófkóðar nemenda eru tilbúnir til útprentunar í Skólagátt (þá má finna undir valmyndinni „Próf“). Við mælum með því að starfsmenn skóla prenti út blöðin með prófkóðanum (stærð A4) og hafi tilbúin á prófdag. Prenta skal út sérblað með prófkóða fyrir hvern nemanda og blað fyrir kennara með öllum prófkóðum. Athugið að ekki má opna prófkóða annars nemanda eða nota prófkóða hjá nemanda sem ekki tekur prófið.

Upplýsingafundur - fjarfundur

Síðasti upplýsingafundurinn verður haldinn mánudaginn 16. september kl. 14.30. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfangið kynningarmal@mms.is

Veflás verður ekki notaður

Menntamálastofnun hefur ákveðið að nota ekki veflás í könnunarprófunum. Ástæðan fyrir þessu er m.a. að Apple hefur verið að uppfæra iOS-stýrikerfið og veflásar sem eru í boði geta ekki spilað hljóðskrár. Vegna þessa er farsælast að sleppa notkun á veflás til að fyrirbyggja hnökra í próftöku. Hlekkurinn inn á prófið á vefsíðu Menntamálastofnunar vísar nemendum inn í próf án vefláss. Við mælumst til þess að skólar noti ekki flýtleiðir (e. shortcut) inn á prófið heldur noti hlekkinn sem er á vefsíðu Menntamálastofnunar.

Opnun prófa á prófdag

Unnt verður að hefja próftöku frá kl. 8:00 á prófdögum. Prófunum verður lokað kl. 17:00, sem þýðir að nemendur mega ekki hefja próftöku síðar en kl. 14:30 (til að geta nýtt allan próftímann). Nemendur skrá sig inn þegar þeir eru sjálfir tilbúnir og þá hefst próftími hvers nemanda. Próftími fer ekki af stað hjá nemanda fyrr en hann er kominn inn í prófið sjálf.

Innskráning í próf á prófdögum

Til að draga úr álagi á netkerfi skóla er hvatt til þess að nemendur hefji próftöku með ákveðnu millibili. Til dæmis má skipta nemendahópnum í fjóra hópa þar sem hver hópur hefur próftöku með 5 eða 10 mínútna millibili. Aðstæður eru ólíkar og eru skólustjórar hvattir til að útfæra þetta eins og hentar á hverjum stað.

Undirbúningur tækja

Fara þarf yfir þær tölvur sem verða notaðar við próftöku. Ef spila á hljóðskrár í tölvum á prófdag (fyrir nemendur með stuðningsúrræði) er mikilvægt að tölvur séu prófaðar áður og tryggt að þráðlaust net skólans þoli álagið, vegna þess hve hljóðskrár eru gagnafrekar. Hægt er að fara inn á kynningarpróf til að prófa tækin. Í sumum skólum getur verið gott að takmarka netaðgang annarra nemenda en þeirra sem eru að taka próf svo próftakar hafi tryggt og gott netsamband.

Hjálpargögn í prófi

Ekki má nota reiknivél í fyrsta hluta stærðfræðiprófsins í 4. og 7. bekk og eins þarf að athuga að ekki er hægt að fara aftur í þennan hluta prófsins þegar honum hefur verið lokið. Athugið að ekki er leyfilegt að nota síma sem vasareikni. Auk þess er óheimilt að nota vasareikni sem er í stýrikerfi tölvunnar.

Á meðan á prófi stendur

Eins og áður þarf að vera til staðar yfirseta í prófum. Mikilvægt er að veita nemendum góðan stuðning og vera til staðar fyrir þá. **Þar sem veflás verður ekki notaður getur þurft að fylgjast betur með að nemendur fari ekki inn á aðrar vefsíður utan prófakerfisins eða noti vasareikni í stýrikerfi tölvunnar.** Í upphafi stærðfræðiprófsins er gott að minna nemendur á að þeir komast ekki aftur inn í fyrsta hlutann þegar þeir hafa lokið honum og að þeir mega ekki nota reiknivél í þeim hluta.

Á vef Menntamálastofnunar má finna [leiðbeiningar um framkvæmd, kynningarpróf og slóðina á prófið](#) sem og [gátlista skóla](#) (mælum með að gátlisti sé prentaður út og hafður til hliðsjónar við fyrirlögn). Þar er einnig [viðbragðsáætlun](#) en skólar eru hvattir til að kynna sér hana vel.

Við erum til þjónustu reiðubúin

Við hvetjum ykkur til að hafa samband ef spurningar vakna eða eitthvað er óljóst. Sími Menntamálastofnunar er: **514-7500** og netfang prófahópsins er prof@mms.is.

Með góðri kveðju,

Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri matssviðs.

Guðrún Birna Einarsdóttir, verkefnisstjóri könnunarprófa.